

Alþingi  
Allsherjar- og menntamálanefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík  
[nefndasvid@althingi.is](mailto:nefndasvid@althingi.is)

154. löggjafarþing 2023-2024  
511. mál  
Þingsályktunartillaga

Reykjavík, 19. desember 2023  
Sendandi: Mímir-símenntun  
ehf.

## Umsögn Mímis-símenntunar: Tillaga til þingsályktunar um aðgerðaáætlun í málefnum íslenskrar tungu fyrir árin 2023-2026.

Það er fagnaðarefni að aukin áhersla sé á þennan mikilvæga málaflokk innan ríkisstjórnarinnar. Þingsályktunartillaga um aðgerðaráætlun um íslenska tungu 2023-2026 er jákvætt og mikilvægt skref í átt að því að efla íslenska tungu á sem flestum sviðum þjóðfélagsins. Mímir telur margt vera gott við aðgerðaráætlunina og tekur hún á mörgum þáttum málaflokksins. Þó er ýmislegt sem betur mætti fara og tíundað verður hér á eftir. Mímir bindur miklar vonir við fyrirhugaða aðgerðaáætlun og stefnumörkun í málaflokknum og býður Mímir fram krafta sína til samstarfs.

### Athugasemdir almennt:

Í aðgerðaáætluninni skortir umfjöllun um skilgreindan hæfniramma (ekki einungis próf) fyrir íslenskunám fullorðinna innflytjenda sem er tengdur við þann tíma sem er nauðsynlegur til að ná ákveðinni færni í íslensku. Í því samhengi er nauðsynlegt að taka einnig mið af ólíkum bakgrunni og getu fólks til að læra. Í Evrópu og Norðurlöndunum er miðað við Evrópska tungumálarammann og lágmarksbekking, hæfni og geta til að tjá sig á markmálinu miðast við stig A2.2 samkvæmt þeim ramma.

Í aðgerðaráætluninni er hvorki fjallað um hvort né hvernig eigi að koma til móts við einstaklinga hvað varðar kostnað við það að sækja íslenskunámskeið, til að mynda með því að hafa ákveðinn fjölda grunnnámskeiða á lágu verði/gjaldfrjáls.

Í aðgerðaáætluninni vantar að tilgreina sérstakan stuðning fyrir þá sem standa verr að vígi en aðrir námslega, t.d. þá sem eiga við námserfiðleika að stríða, hafa litla eða brotna skólagöngu, hafa lítinn eða engan grunn í latnesku lettri, móðurmál er af öðrum stofni en þeim indó-evrópska og/eða litla tæknifærni.

Í aðgerðaáætluninni er hlutverk símenntunarmiðstöðva lítið þrátt fyrir áratuga reynslu þeirra og þekkingu af málaflokknum, sem og af fullorðins fræðslu. Samstarf við símenntunarmiðstöðvar og/eða Símennt, samtök símenntunarmiðstöðva mætti efla enda sækir þverskurður af flóru innflytjenda sér íslenskunám í símenntunarmiðstöðvum auk ýmiss konar vottaðs náms í samstarfi við atvinnulífið. Miðstöðvarnar sérhæfa sig í fullorðins fræðslu og tekur nám og námsumgjörð mið af þörfum fullorðinna námsmanna. Horfa beri til reynslu Norðurlanda af eflingu tungumálanáms fyrir

innflytjendur en þar leika símenntunarmiðstöðvar á sviði fullorðins fræðslu lykilhlutverk við framkvæmd náms og kennslu. Þess vegna ætti að gera ráð fyrir símenntunarmiðstöðvum sem samstarfsaðilum mun víðar í aðgerðaáætluninni.

#### **Athugasemdir við einstaka liði:**

**1. grein. Starfstengt íslenskunám fyrir innflytjendur samhliða vinnu.** „Áhersla verði lögð á starfstengdan orðaforða á einstaklingsmiðaðan og sveigjanlegan hátt“. Mikilvægt er að leggja einnig áherslu á mikilvægi námstækni tungumálanáms fyrir innflytjendur í starfstengdu íslenskunámi. Að auki þarf að leggja áherslu á daglegan og almennan orðaforða í bland við starfstengdan þar sem markmiðið er að styrkja einstaklinga til að verða sjálfstæðir málnotendur sem taki virkan þátt í samfélaginu á öllum sviðum, ekki aðeins sem starfsfólk á vinnustað. Tryggja þarf aðgengi allra starfsstétta að náminu, sem og íslenskumálnema í atvinnuleit, til dæmis í gegnum starfstengt íslenskunám með starfsþjálfun. Huga þarf einnig að því hvernig stutt er við íslenskunám starfsfólks á vinnustöðunum sjálfum, til dæmis með fræðslu fyrir vinnustaðina og jafningjastuðning.

**2. grein. Bætt gæði íslenskukennslu fyrir innflytjendur.** Greina þarf brotthvarf úr námi og ástæður þess samhliða því að þróa gæðaviðmið. Mímir hefur reynslu af því að greina brotthvarf úr framhaldsfræðslu og er tilvalinn samstarfsaðili. Til að tryggja gæði og þróun fagsins „íslenska sem annað mál“ væri æskilegt að fræðsluaðilar geti fastráðið kennara á ársgrundvelli en kröfum um símenntun og þróun kennslu er erfitt að framfylgja þegar starfsöryggi verktaka er lítið. Einnig er nauðsynlegt að kennarar og fræðsluaðilar geti leitað sér faglegrar ráðgjafar á einum stað, t.d. hvað varðar kennslufni, kennsluaðferðir, fjölbreytni í nemendahópum, ólæsa nemendur, rannsóknir, möguleika á símenntun, ráðstefnum og þróunarverkefnum. Einnig er nauðsynlegt að koma á fót öflugum sjóðum fyrir fræðsluaðila til að sækja styrki fyrir þróun efnis og aðferða.

**3. grein. Virkjun Evrópska tungumálarammans.** Margar símenntunarmiðstöðvar eru nú þegar að styðjast við Evrópska tungumálarammann og leggja fyrir rafrænt stöðumat í íslensku sem er byggt á kröfum Evrópska tungumálarammans. Reynsla og þekking á að nota rafrænt stöðumat er nú þegar til staðar og því eðlilegt að horfa til þeirrar reynslu og fá Símennt-samtök símenntunarmiðstöðva sem samstarfsaðila.

**4. grein. Fjarnám í íslensku á BA-stigi.** Bent er á meira samstarf og samráð til að tryggja nemendum samfellu milli skólastiga þannig að nemandi sem hefur nám í símenntunarmiðstöð eigi greiða leið þaðan í nám á háskólastigi.

**5. grein. Sameiginlegt fjarnám í íslensku sem öðru máli.** Bent er á misræmi í aðgerðaáætlun og greinagerð um aðgerðaáætlunina. Í greinagerð er talað um „... átak í að bjóða upp á vandað fjarnám í hagnýtri íslensku sem öðru máli á háskólastigi til ECTS-eininga við Háskóla Íslands“. Í aðgerð 5 er hins vegar hvergi minnst á á hvaða skólastigi fjarnámið er. Þetta getur valdið misskilningi og afmörkun verkefnis verður að vera skýr. Bent er á meira samstarf og samráð til að tryggja nemendum samfellu milli skólastiga þannig að nemandi sem hefur nám í símenntunarmiðstöð eigi greiða leið þaðan í nám á háskólastigi.

**6. grein. Háskólabrú fyrir innflytjendur.** Bent er á núverandi námsleiðir Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins Grunnmennt og Menntastoðir sem undanfara Háskólabrúar. Mímir hefur undirbúið Grunnmennt með stuðningi í íslensku og Menntastoðir með stuðningi íslensku sérstaklega fyrir þennan hóp í huga. Í ljósi [brotthvarfs innflytjenda](#) úr framhaldsskólum og stöðu [NEET hópsins](#) er mikilvægt að styðja við þróun náms og námsefnis sem snerta markhópin og leita leiða til að bæta aðgengi þeirra að frekara námi. Bent er á meira samstarf og samráð til að tryggja nemendum samfellu milli skólastiga þannig að nemandi sem hefur nám í símenntunarmiðstöð eigi greiða leið þaðan í nám á háskólastigi.

**9. grein. Aukin talsetning og textun á íslensku.** Bent er á, að fyrir utan mikla þörf á aukna talsetningu og textun myndefnis fyrir börn og ungmenni, er sár vöntun á myndrænu og vönduðu sjónvarpsefni,

útarvarps- og hlaðvarpsþáttum, fjölmiðlaefni og efni á samfélagsmiðlum sem höfðar til fullorðinna íslenskumálnema. Gott aðgengi að fjölbreyttu efni á íslensku á margvíslegu formi sem hentar fullorðnum eykur til muna möguleika þeirra á að öðlast færni í tungumálinu.

**12. grein. Vefgátt fyrir rafræn námsgögn.** Bent er á að rafrænt námsefni í íslensku sem öðru máli fyrir fullorðna nemendur ætti einnig að vera aðgengilegt öllum (málnemum og kennurum) á einum stað. Tryggja þarf umsjón og viðhald vefsins með fjármagni.

**14. grein. Efling íslenskuhæfni starfsfólks í leik- og grunnskólum og frístundastarfi.** Bent er á reynslu símenntunarstöðva í að kenna sérhæfð starfstengd íslenskunámskeið fyrir starfsfólk í leik- og grunnskólum og fyrir Vinnumálastofnun handa atvinnuleitendum sem hafa hug á að störfum á þessum vettvangi. Sérstaklega má benda á þróunarverkefni styrkt af þróunarsjóði framhaldsfræðslunnar þar sem aðferðir Íslenskuþorpsins voru þróaðar og nýttar á slíkum námskeiðum. Önnur dæmi: leikskólaliðabré, leikskólasmíðja og íslenska í skóla- og frístundastarfi.

**15. grein. Samþætting íslensku og erlendra móðurmála á grunnnámskeiðum starfsfólks í heilbrigðis-, félags- og umönnunargreinum.** Fagleg grunnnámskeið fyrir starfsfólk í umönnunarstörfum eru kennd á símenntunarstöðvum og þar hefur skapast mikil þekking og reynsla hvað varðar markhópinn. Samhliða samþættingu fagnáms og íslenskunáms er ekki síður mikilvægt að þróa auk þess að bjóða upp á námsaðstoð fyrir þá sem þess þurfa og er jafningjastuðningur góður kostur. Gerð rafræns námsefnis fyrir þessi störf sem eru auk þess myndrænt myndi víkka út verkefnið og jafna aðgengi starfsfólks að því að ná tökum á starfstengdum orðaforða. Þessa aðgerð mætti útfæra á fleiri starfsstéttir. Mótun verði viðmið um íslenskuhæfni í þessum starfsstéttum og stöðupróf í íslensku sem byggja á Evrópska tungumálarammanum samhliða því.

**17. grein: Íslenska handa öllum.** Íslenskunám fullorðinna innflytjenda þarf að uppfylla gæðakröfur, vera markvísst og aðlaðandi og taka mið af bakgrunni fólks og ólíkum þörfum. Gera þarf fólki mögulegt að stunda nám og öðlast grunnfærni í íslensku (stig A2/B1 skv. Evrópska tungumálarammanum) hvort sem það er heimavinnandi með börn, í atvinnuleit, í endurhæfingu eða í starfi. Ekki síður þarf að taka tillit hins sístækkandi hóps innflytjenda á Íslandi sem er illa læs og með litla skólagöngu að baki en sá hópur þarf sérhæfða nálgun í sínu námi. Í því samhengi er mikilvægt að líta ekki einungis til Evrópska tungumálarammans til að skilgreina hæfni í tungumálum heldur einnig LESLLA (Literacy Education and Language Learning for Adults, [www.leslla.org](http://www.leslla.org)) sem er hæfniramma sem miðar við tungumála- og lestrarnám fyrir fullorðna með litla skólagöngu/ólæsa og er í raun forstígg fyrir Evrópska tungumálarammann. Mikla reynslu og þekkingu á innflytjendum með afar fjölbreyttan bakgrunn er að finna hjá símenntunarstöðvunum og er eðlilegt að bæta þeim við sem samstarfsaðila.

**19. grein. Starfsþróun og hæfni þeirra sem kenna íslensku sem annað mál.** Bent er á að með auknum kröfum til hæfni kennara þurfa að koma aukin tækifæri í menntun og símenntun kennara en það skortir að tilgreina hverjir og hvernig á að efla fagþekkingu kennara sem kenna íslensku sem annað mál. Þörfin er mikil og hægt væri að byrja með hnitmiðuðum „fagnámskeiðum“ fyrir þau sem vilja kenna íslensku sem annað mál auk þessa að bjóða upp á regluleg fagnámskeið í umsjón, t.d. Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins. Í þessu samhengi er nauðsynlegt að líta til reynslu Norðurlandanna, Kanada og Bandaríkjanna hvað varðar hagnýta þjálfun og menntun kennara fyrir innflytjendur. Þjálfun kennara sem kenna ólæsum og fólki með litla skólagöngu, sem og ný nálgun í kennslu þeirra, er einnig forgangsráði í því að bæta gæði íslenskukennslu fyrir innflytjendur.

### Mímir - gæði, þekking og reynsla

Mímir er stærsta símenntunarmiðstöð landsins og er hluti af neti alls 11 símenntunarmiðstöðva sem eru starfræktar á landinu. Langflestir innflytjendur á Íslandi búa á höfuðborgarsvæðinu. Hjá Mími er löng og yfirgripsmikil reynsla af því að starfa með og fyrir innflytjendur 18 ára og eldri. Er þar umfangsmest almenn og starfstengd íslenskukennsla en yfir 1000 nemendur stunduðu nám í íslensku sem öðru máli á síðasta ári hjá Mími.

Mímir er viðurkenndur fræðsluaðili af félags- og vinnumarkaðsráðuneyti. Mímir starfar samkvæmt lögum um framhaldsfræðslu nr. 27/2010 og býður upp á almennt og starfstengt nám á framhaldsskólastigi fyrir fullorðið fólk sem ekki hefur lokið framhaldsmenntun. Einnig býður Mímir nám í íslensku sem öðru máli á stigum 1-5 og tungumálanám. Enn fremur er starfrækt náms- og starfsráðgjöf, ráðþegum að kostnaðarlausu.

Mímir hefur hlotið formlega viðurkenningu um að starfsemin standist evrópskar kröfur um gæði fræðslustarfs, raunfærnimats og náms- og starfsráðgjafar. Um er að ræða EQM+ gæðavottun fræðsluaðila (European Quality Mark) sem tekur reglulega út og staðfestir gæði náms, raunfærnimats og náms- og starfsráðgjafar.

Mímir framkvæmir innra mat í samræmi við 14. gr. laga um framhaldsfræðslu; Framkvæmd mats á fræðslustarfi, og metur því með kerfisbundnum hætti árangur og gæði fræðslustarfsins, sem og gerir áætlanir um umbætur í kjölfar þess. Við innra mat á íslenskukennslu fyrir útlendinga hefur í megin atriðum verið stuðst við leiðbeiningar um innra mat framhaldsskóla (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2016). Þá leitast Mímir við að starfa á grundvelli gæðastaðalsins ISO 9001 og stendur innleiðing hans yfir. Eftir sem áður miðast gæðavottun Mímis við EQM+ staðalinn og er horft til ISO 9001 staðalsins gagnvart því sem EQM+ nær ekki yfir.

Mímir er rekinn án hagnaðarsjónarmiða.

**Fyrir hönd Mímis-símenntunar,**

Joanna Dominiczak

Fagstjóri íslenskunáms og erlends samstarfs

Sólborg Jónsdóttir

Sérfræðingur í íslensku sem öðru máli

Sólveig Hildur Björnsdóttir

Framkvæmdastjóri